


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015	<b>Enska ENSXS24</b> <b>Námsáætlun haustönn 2015</b>	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2		

<b>Kennari</b>	Guðrún Ásta Guðjónsdóttir, Lilja Sæmundsdóttir	<b>Sk.st.</b>	GÁS, LIS
----------------	--	---------------	----------

**Áfangalýsing:** Ný menntastefna er höfð til grundvallar og grunnþættir menntunar eru hafðir að leiðarljósi. Áhersla er á læsi í víðu samhengi, s.s. unnið með grunnatriði enskrar málfræði og ritunar, umhverfi, tákni, reglur, samskiptamiðla, hugtök, tjáskipti, tilfinningar, lesefni og samskipti. Unnið verður með ensku í gegnum tónlist og dægurlagatexta svo og kvikmyndir af ýmsu tagi. Vinnuferlið miðast við að efla færni og sjálfsmynd nemenda til að takast á við fjölbreytt lesefni við hæfi hvers og eins.

**Markmið: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**


- Einföldum texta á enskri tungu
- Mikilvægi lestrar og bókmennta
- Mikilvægi tjáninga og hlustunar
- Sköpun í formi textasmíðar með tónlist
- Einfaldri ritun sem felur í sér stuttar setninga og stök orð
- Söguþræði og innhaldi þeirrar kvikmynda sem tekin er fyrir hverju sinni

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- Vinna með texta sem hann hefur lesið og/eða hlustað á
- Nýta sér leiðréttingarforrit og önnur hjálpargögn til verkefnavinnu
- Lesa upp og/eða tjá sig fyrir framan aðra
- Lesa og/eða hlusta á texta sér til gagns og gleði
- Hlusta á og vinna með mismunandi texta og ljóð
- Að átta sig á atburðarrás kvikmynda

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- Nýta sér enskar bókmenntir
- Auka sjálfstraust sitt og trú á eigin málfærni í tjáningu og/eða ritun
- Nýta sér læsi í víðu samhengi
- Hlusta á sjónarmið annarra af víðsýni
- Lesa í og/eða nýta sér upplýsingar sem koma fram í útvarpi, sjónvarpi og í netmiðlum
- Hlusta á aðra og tjá eigin skoðanir
- Taka þátt í umræðum

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015	<b>Enska ENSXS24</b> <b>Námsáætlun haustönn 2015</b>	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2		

**Námsgögn:** Nemendur vinni með aldursmiðaðar bókmenntir, nýti bókasafn, hljóðbækur, enskar kvikmyndir og einstaklingsmiðuð verkefnahefti.

**Áætlun um yfirferð:**

Vika: 34 Kynning á áfanganum.

Vika: 35– 49 Lestur, ritun, hljóðbækur og tjáning og vinnubækur. Kvikmyndir og úrvinnsla.

Vika: 50 Prófa/námsmats - og þemavika.

**Námsmat og vægi námsþátta: Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat með leiðsögn:**

Ástundun 25%

Ferilmappa 30%

Lokakönnun 25%

Bókmenntir 20%

**Dagsetning:**

\_\_\_\_\_  
Undirritun kennara

\_\_\_\_\_  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils